Samfylkingin

Kópavogi, 11. nóvember 2026

Fyrirspurn um hljóðvarnir meðfram Reykjanesbraut

Óskað er svara við eftirfarandi:

- Hefur möguleiki á hljóðmön eða öðrum hljóðvörnum meðfram Reykjanesbraut verið kannaður, með það að markmiði að tryggja hljóðvist í hverfunum meðfram brautinni? Ef svo er, hvenær og hverjar voru niðurstöðurnar?
- Er slík framkvæmd talin fýsileg, meðal annars með tilliti til rýmis, skipulags og tæknilegra atriða, og liggur fyrir mat á kostnaði við hana?
- Hefur verið leitað eftir aðkomu Vegagerðarinnar, sem veghaldara Reykjanesbrautar, að kostnaði við hljóðvarnir og ef svo er, hver var afstaða hennar?
- Hvaða gögn liggja fyrir um hljóðvist á svæðinu, svo sem hávaðakortlagning og hávaðamælingar, og benda þau til þess að hávaði við íbúðarhúsnæði fari yfir viðmiðunarmörk reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða?
- Er í gildi aðgerðaáætlun Kópavogsbæjar gegn hávaða samkvæmt reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir, og ef svo er, hvaða aðgerðir eru þar fyrirhugaðar meðfram Reykjanesbraut?

Greinargerð:

Íbúar í hverfunum meðfram Reykjanesbraut, einkum Lindahverfis, hafa um nokkurt skeið kvartað undan mikilli hljóðmengun vegna umferðar um brautina, bæði að degi til sem og að nóttu. Samkvæmt aðgerðaáætlun Kópavogsbæjar gegn hávaða 2018–2023 var umferðarhávaði í íbúðabyggð í Kópavogi mestur frá Reykjanesbraut og Hafnarfjarðarvegi.

Viðvarandi umferðarhávaði hefur bein áhrif á líðan fólks. Hann getur valdið svefntruflunum og streitu, dregið úr lífsgæðum og raskað heimilisfriði íbúa, jafnt innandyra sem í görðum og á svölum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026

Mikilvægt er að fyrir liggi hvort og með hvaða hætti unnt sé að bæta hljóðvist á svæðinu, hver kostnaðurinn yrði og hvernig honum yrði skipt milli Kópavogsbæjar og Vegagerðarinnar.

Óskað er eftir skriflegu svari.

Eydís Inga Valsdóttir
Bæjarfulltrúi

Hákon Gunnarsson
Varabæjarfulltrúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 17.11.2026